



UST202007-004

Starfsleyfi fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf., Grundartanga kt. 640675-0209

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. [550/2018, um losun frá atvinnurekstri]¹.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Elkem Ísland ehf., kt. 640675-0209 til framleiðslu á kísil og kísiljárni með 45 – 100 % kísilinnihaldi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Elkem Ísland ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann[...]². Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 190.000 tonnum (miðað við 75 % FeSi) af 45 - 100% kísil og kísiljárni og allt að 45.000 tonnum af kísilryki í ljósbogaofnum. Hluti af framleiðslunni fer í eftirvinnslu. Með eftirvinnslu er átt við framleiðslu á kímefnum (inoculants) með íblöndun magnesíum og fleiri málma, hreinsun á kísiljárni og hreinsun á kísil til að mæta ströngustu kröfum um hreinleika. Einnig er heimil förgun á eigin úrgangi, rekstur verkstæða, varaafkvæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi.

[Rekstraraðila er heimilt að taka á móti og endurnýta eldhúð (e. Mill Scale) hvort sem hún er skilgreind sem úrgangur í upprunalandinu eða ekki. Nota má allt að 50.000 tonn á ári af slíku efni.]³.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu [aðgengilegu]⁴ tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Orkunýting skal vera eins góð og kostur er við framleiðslu og stuðla skal að nýtingu varmaorku sé það raunhæfur kostur. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta [aðgengilega]⁵ tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries, December 2001“. Einnig skal hafa hliðsjón af „Draft Reference Document on Best Available Techniques for the Non Ferrous Metals Industries, Draft November 2008“.

Verði breytingar á bestu [aðgengilegu]⁶ tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.9.

¹ Breyting 2021, hér stóð áður „785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

² Breyting 2021, hér stóð áður „án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

³ Breyting 2021.

⁴ Breyting 2021, hér stóð áður „fáanlegu“.

⁵ Breyting 2021, hér stóð áður „fáanlegu“.

⁶ Breyting 2021, hér stóð áður „fáanlegu“.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, [sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018]⁷.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila ef ný framléiðslueining hefur starfsemi. Verði rekstri verksmiðjunnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og eignum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis þessa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki. Gera skal áætlun um útblástur við stöðvun eða bilun verksmiðjunnar.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um endurræsinguna ofna ef þeir hafa ekki verið í notkun í meira en mánuð. Tilkynningu þessari skal fylgja áætlun um útblástur.

1.7 Þynningarsvæði vegna loftmengunar

Þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, sem er tilgreint á uppdrætti í viðauka. Innan þess er heimilt að styrkur brennisteinsdíoxíðs fari yfir umhverfismörk.

1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoðun skal starfsleyfið [reglulega og ekki sjaldnar en á 16 ára fresti]⁸. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

1.9 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu [aðgengilegu]⁹ tækni, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. [14. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.]¹⁰ Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.10 [Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests. Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]¹¹

⁷ Breyting 2021, hér stóð áður „sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

⁸ Breyting 2021, hér stóð áður „að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

⁹ Breyting 2021, hér stóð áður „fáanlegu“.

¹⁰ Breyting 2021, hér stóð áður „21. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

¹¹ Breyting 2021, uppfærsla.

1.11 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við [6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018]¹².

2.VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI OG FRAMLEIÐSLUVÖRUR

2.1 Móttaka og flutningur hráefnis

Við móttöku og flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki, til dæmis með því að væta efnið. Færibönd og flutningskerfi skulu vera yfirbyggð og fallhæð efna takmörkuð eins og kostur er.

2.2 Hráfnisgeymslur, vörugeymslur og eldsneyti

Ef hráefni inniheldur fínt efni skulu hráfnisgeymslur vera þannig hannaðar að ekki sé hætt við rykmyndun og foki. Nota skal yfirbyggð eða lokuð kerfi og/eða ryksöfnunarbúnað þar sem hætta er á rykmyndun. Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur. Geymsla á sýrum, bösum og lofttegundum skal vera í samræmi við sérstakar öryggisáætlanir til að lágmarka hættu á mengun umhverfisins. Þannig skal frá gengið að fljótandi hráefni berist ekki út í umhverfið við óhöpp og ákvæði þess efni skulu vera í viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4. Reynist nauðsynlegt að geyma hráefni eða framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar. Geymslur utandyra skulu vera afgirtar eða á annan hátt lokaðar, þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur.

Eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. [884/2017]¹³, um varnir gegn olfúmengun frá starfsemi í landi. Brennisteinn í eldsneyti skal vera í samræmi við það sem selt er á íslenskum markaði hverju sinni.

LOFT

2.3 Hönnun og frágangur

Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun í lágmarki. Lofti frá ofnum, töppun, málmíblöndunarstöð, málmhreinsun og útsteypu á hringekju og steypubeltum skal safna á skilvirkan hátt og hreinsa. Rykmagn sem fer út í andrúmsloftið skal vera innan þeirra marka sem fram koma í grein 2.6.

2.4 Hreinsun útblásturs

Afgasi frá ofnum og aftöppun skal safna saman og flytja til hreinsivirkis þar sem það skal hreinsað, með pokasíum eða sambærilegum aðferðum, þannig að styrkurinn utan lóðar (eða þynningarsvæðis þegar um brennisteinsdíoxíð er að ræða) verði alltaf undir viðmiðunarmörkum reglugerða nr. [920/2016]¹⁴, um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, [styrk ósons við yfirborð jarðar]¹⁵ og upplýsingar til almennings og nr. 410/2008, um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og

¹² Breyting 2021, hér stóð áður „ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit“.

¹³ Breyting 2021, hér stóð áður „35/1994“.

¹⁴ Breyting 2021, hér stóð áður „251/2002“.

¹⁵ Breyting 2021, viðbót.

fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti. Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki.

Umhverfismörk sem gilda utan lóðar (eða þynningarsvæðis þegar um brennisteinsdíoxíð er að ræða) skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir um loftgæði.

2.5 Losunarmörk sem tengjast heildarframleiðslu

Magn mengunarefna í útblásturslofti skal ekki vera yfir eftirfarandi mörkum miðað við heildarframleiðslu af kísiljárnri eða hreinum kísli:

Mengunarefni	Ársmeðaltal (kg/tonn)	Mánaðarmeðaltal (kg/tonn)	Gildistími
Ryk	4,0	5,0	Til ársloka 2013
Ryk	3,5	5,0	Frá ársbyrjun 2014
Brennisteinsdíoxíð	30	30	

2.6 Losunarmörk sem gilda fyrir útblástur

Eftirfarandi losunarmörk gilda í útblásturslofti:

Mengunar- efni	Ársmeðaltal (mg/Nm ³)	Dagsmeðaltal (mg/Nm ³)	Klukkustundar- meðaltal (mg/Nm ³)
Ryk (*)	20		30
Saltsýra		10	20
Flússýra		1	2

(*) Allt ryk, hvort sem það er frá ofnum, aftöppun, hreinsun, íblöndun eða öðrum stöðum.

2.7 Reykhreinsivirki og leyfilegt reyklos

Rekstraraðili skal vinna markvisst að því að koma í veg fyrir reyklos. Verklagsreglur skulu vera fyrir hendi sem stuðla að því að álag á ofnum sé lækkað þannig að ekki sé hætt á að reykhreinsivirki slái út.

Reyklos hvers ofns um skorsteina vegna minni virkni eða stöðvunar reykhreinsivirkis skal takmarkast við

- i. 2,0 % af rekstartíma til ársloka 2009.
- ii. 1,5 % af rekstartíma frá 1.janúar 2010 til ársloka 2013.
- iii. 1,0 % af rekstartíma frá 1.janúar 2014.

Miða skal við meðaltal hvers almanaksárs. Rekstartími ofns er skilgreindur sem sá tími sem álag ofns er yfir 30% af hámarkskeyrsluálagi ofnsins.

Reyklos frá ofnum vegna minni virkni eða stöðvunar reykhreinsivirkis telst ekki með í útreikningi á meðaltali sbr. grein 2.6.

2.8 Útblástur frá sýrumeðhöndlun

Allt afsogsloft frá svæðum og búnaði þar sem sýra er notuð eða geymd skal leitt um

2.9 Önnur losun til andrúmslofts

Losun lífrænna efna skal eftir því sem við á vera í samræmi við [reglugerð nr. 550/2018]¹⁶.

VATN

2.10 Nýting á vatni

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

2.11 Fráveitur

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. [884/2017]¹⁷, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.12 Fráveituhreinsun

Allt iðnaðarfrárennsli, þ.e. vatn frá framleiðsluferlinu s.s. málmhreinsun, sögun, perlun og vothreinsun útblásturs skal leitt til vatnshreinsistöðvar þar sem fast efni er hreinsað frá, málmar felldir út og sýrustig er jafnað. Frárennsli skal hafa pH gildi hærra en 7,5 og hámarksrennsli skal vera 320 m³/klst. Magn eftirtalinna efna skal vera innan þeirra marka sem hér eru tilgreind.

<i>Efni</i>	<i>kg/d</i>	<i>kg/ár</i>	<i>mg/l</i>
Fe	5	200	5
Al	1	30	1
Cu	0,5	30	0,5
Cr	-	20	0,5
Zn	-	20	1,5
Ni	-	20	0,5
As	0,2	10	0,15

2.13 Olíuskiljur

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt um sandföng í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni uppfylli kröfur í grein 2.16. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.14 Seyra

¹⁶ Breyting 2021, hér stóð áður „ákvæði reglugerðar nr. 255/2002, um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi“

¹⁷ Breyting 2021, hér stóð áður „35/1994“

Starfsleyfi fyrir Elkem Ísland ehf.

Seyru og annan úrgang frá hreinsibúnaði fráveitu skal endurvinna eða fjarlægja eftir þörfum og koma til viðurkennds endurvinnslu- eða förgunarstaðar í samræmi við kröfur laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

2.15 Kælivatn og yfirborðsvatn

Leita ber samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir efnasamböndum sem nota skal í lokuðu kælikerfi verksmiðjunnar. Kælivatn úr lokuðu kælikerfi verksmiðjunnar má leiða ómeðhöndlað til sjávar enda innihaldi það ekki hættuleg efni og uppfylli kröfur í grein 2.16. Nota má sjó til að kæla lokað kælikerfi enda séu uppfyllt ákvæði um hámarksstyrk efnanna eftir notkun. Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist ívatn skal leitt um sandföng og olúskiljur.

2.16 Losunarmörk á kælivatni og fráveituvatni

Fráveituvatn og kælivatn skal uppfylla eftirfarandi kröfur við losun til sjávar:

<u>Efnisbáttur</u>		<u>Hámarksstyrkur</u>
Olía og fita	<	15 mg/l
svifagnir	<	50 mg/l

2.17 Íblöndunarefni

Efni sem óskað er eftir að nota við þvott eða vætingu á hráefnum og í kælikerfi skulu samþykkt af Umhverfisstofnun.

ÚRGANGUR**2.18 Almennt**

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. [1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs]¹⁸. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs, svo sem brotajárns, gjalls, timburs, ryks og málmleifa. Rekstraraðili skal gera áætlun um endurnýtingu og aðra meðhöndlun úrgangs og fá samþykki fyrir henni hjá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Hvalfjarðarsveit.

2.19 Förgun framleiðsluúrgangs

Rekstraraðila er heimilt að farga eftirfarandi framleiðsluúrgangi í flæðigryfjum með útskolun efna í sjó, enda sé styrkur mengunarefna ekki umfram viðmiðanir í reglugerðum:

- Köggluðu kísilryki.
- Vættu forskiljuryki.
- Magnesíum oxíð ryki.
- Seti úr setþróum.
- Föstum efnum frá síustöðvum.
- Gjalli og málmleif, þar með töldu gjalli frá málmhreinsun.
- Uppsópi og fínefnum af hráefnum og framleiðslu.
- Fóðringum og eldföstum efnum.

Meðhöndlun og frágangur úrgangs í flæðigryfjum skal vera í samræmi við áhættumatsgreiningu, sem vinna skal í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og lið 3.4 í viðauka I í sömu reglugerð.

¹⁸ Breyting 2021, hér stóð áður „184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang“.

2.20 Annar úrgangur

Almennan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun, önnur en tilgreind er í grein 2.19 og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjussvæðinu er óheimil.

[Eldhúð sem heimilt er að nota sbr. 2 mgr. grein 1.2, má vera flokkuð í upprunalandinu í eftirfarandi úrgangsflokka, sbr. reglugerð nr. 1040/2016, um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs:

10 02 10, 10 02 15, 12 01 02 eða 12 01 99]¹⁹.

2.21 Spilliefni

Skila skal til viðurkenndrar spilliefnamóttöku þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni og ekki eru annaðhvort tilgreind í grein 2.19 eða fara til endurvinnslu á vegum rekstraraðila.

ANNAÐ

2.22 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá iðjuverinu eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A) L_{Aeq} á iðnaðarsvæði og 55 dB(A) L_{Aeq} í íbúðabyggð.

2.23 Skráning efna, leyfisveitingar og mat

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt [efnalögum nr. 61/2013]²⁰. Þannig skal rekstraraðili sjá til þess að öll efni sem notuð eru eða framleidd séu skráð og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. [888/2015]²¹ um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“), sbr. þó þær undantekningar um skráningar sem þar gilda.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Mælingar og upplýsingagjöf

Rekstraraðili skal útbúa vöktunaráætlun um mælingar útblásturs, frárennslis og hljóðstigs frá verksmiðjunni. Endanleg áætlun skal kynnt Umhverfisstofnun og er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Endurskoðuð áætlun skal kynnt a.m.k. einu ári fyrir mögulega stækkun verksmiðjunnar. Áætlunin skal ná yfir alla þá þætti sem tilgreindir eru í greinum 2.4, 2.6, 2.9, 2.12 og 2.16 ásamt öðrum þáttum sem kunna að hafa marktæk áhrif á styrk efna í umhverfinu. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku og mælinga.

Eftirfarandi tafla stendur fyrir drög að mæliáætlun:

¹⁹ Breyting 2021.

²⁰ Breyting 2021, hér stóð áður „lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur“.

²¹ Breyting 2021, hér stóð áður „750/2008“.

Mengunarefni / uppspretta	Mælistaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni mælinga
Ryk	Útblástur eftir hreinsivirki	Árleg mæling	mg/Nm ³	Árlega
Ryk	Hreinsað gas frá aftöppun og málmhreinsun	Árleg mæling	mg/Nm ³	Árlega úr reykhnálf
Ryk	Óhreinsað gas úr steypuskála	Árleg mæling	mg/Nm ³	Árlega úr einu útblástursopi
Ryk	Allt ryk frá útblásturslofti	Ár	tonn ryk / ár	Útreiknað magn frá framleiðslu
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	Útblástur eftir hreinsivirki	Ár	tonn SO ₂ / ár	Útreiknað magn miðað við mælt innihald hráefna
Svifagnir í þvottavatni	Eftir setþró	Árleg mæling	mg/l	Árleg sýnaröð
Iðnaðarfrárennsli	Eftir hreinsistöð	Samfelld mæling	pH	Símæling
Iðnaðarfrárennsli; málmar	Eftir hreinsistöð	Árleg mæling	mg/l	Árleg sýnaröð
Kælivatn	Kælikerfi	Árleg mæling	pH og mg/l	Árleg sýnaröð

Mælingar skulu vera eins marktækar og kostur er. Í skýrslum skal gerð grein fyrir óvissu og marktækni mælinga. Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar hvenær sem rekstraraðili eða Umhverfisstofnun óska eftir slíkri endurskoðun. Rekstraraðili skal eiga aðgengilegt yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða yfir leyfilegum mörkum, sbr. grein 2.22, utan iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Endurmeta skal dreifingu hávaða frá verksmiðjunni ef gerðar verða meiriháttar breytingar á rekstri sem geta haft áhrif á hávaða og leggja fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar.

Rekstraraðili skal láta gera úttekt á fjölhringa arómatískum vetniskolefnum í útblæstri a.m.k. á 5 ára fresti. Úttektin skal að minnsta kosti ná yfir þau efni sem eru talin upp í 7. gr. reglugerðar nr. 410/2008. Fyrsta úttekt af þessu tagi skal gerð í síðasta lagi innan tveggja ára frá gildistöku starfsleyfisins.

Mæla skal þungmálma í kísilyki a.m.k. á 5 ára fresti.

Rekstraraðili skal mæla saltsýru og flússýru í útblæstri ef slík efni verða notuð við hreinsun á kísli og skal a.m.k. ein marktæk mæling fara fram á þessum efnum árlega.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, þar með talin reyklos.
- Tæmingu olúgildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim.
- Niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1.
- Prófun og kvörðun mælibúnaðar.
- Efnainnihald hráefna og eldsneytis.
- Magn og tegund úrgangs sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar sbr. gr. 2.18, 2.19, 2.20 og 2.21.
- Magn og samsetningu iðnaðarfrárennslis.
- Niðurstöður hávaðamælinga.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Skýrsla til Umhverfisstofnunar

Eigi síðar en [1.maí]²² hvert ár skal rekstraraðili skila skýrslu til Umhverfisstofnunar um rekstur reykhreinsivirkja, fjölda og lengd reyklosa, sbr. grein 2.7, rykframléiðslu, losun brennisteinsdíoxíðs og um nýtingu og förgun framléiðsluúrgangs. Einnig skal reikna út niðurstöður vegna krafna í grein 2.5. Afrit skulu send til Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

3.5 Tilkynningaskylda

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun ef niðurstöður eftirlitsmælinga samkvæmt grein 3.1 eru ekki í samræmi við gerðar kröfur og staðfesta þessar upplýsingar með skriflegri skýrslu.

3.6 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega, skv. ákvæðum reglugerðar, til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 3.4 og 4.9 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.]²³

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins

²² Breyting 2021, hér stóð áður „1. mars“.

²³ Breyting 2021, uppfærsla.

starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. [344/2013]²⁴, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun sjávar og andrúmslofts og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði eða atvik þar sem notkun hans er tímabundið hætt, skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Tilkynna skal Umhverfisstofnun eins fljótt og mögulegt er um bilanir í reykhreinsibúnaði ofnanna ef ekki er unnt að lagfæra búnaðinn innan 3 klukkustunda

4.6 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við [XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.]²⁵

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

²⁴ Breyting 2021, hér stóð áður „990/2005“.

²⁵ Breyting 2021, hér stóð áður „ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni“.

4.9 Samráðsfundur og opinn kynningarfundur

Árlega skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar, Hvalfjarðarsveitar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í greinum 1.4 - 1.6, 3.1, 3.2, 3.4, 3.5, 4.1, 4.3 - 4.5, 5.1 og 5.2. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftár ef ástæða er til.

Þá skal rekstraraðili halda opinn kynningarfund að minnsta kosti árlega þar sem kynna skal árangur verksmiðjunnar í mengunarvörnum og niðurstöður mælinga úr innra eftirliti og umhverfisvöktun.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1. Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Við gerð vöktunaráætlunar skal rekstraraðili leita umsagnar Hvalfjarðarsveitar, Kjósarhrepps, Akranesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Fylgjast skal með loftgæðum, úrkomu, veðurfari, mengun í vatni, gróðri, jarðvegi og jarðvatni. Umhverfismörk loftgæða eru nánar tilgreind í reglugerðum um loftgæði.

5.2. Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.3. Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt greinum 5.1 og 5.2 fyrir 1. mars vegna ársins á undan.

5.4. Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni verksmiðjunnar samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð [í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, lið 2.5. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í I. viðauka, lið 2.5]²⁶. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða

²⁶ Breyting 2021, hér stóð áður „í 1. eftirlitsflokk skv. 5. og 6. lið í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“

kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. [550/2018]²⁷, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 2025.

Reykjavík 2. júní 2021


Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigurður Ingason
sérfræðingur

²⁷ Breyting 2021, hér stóð áður „785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“

VIÐAUKI

Þynningarsvæði fyrir brennisteinsdíoxíð á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.



Fylgiskjal

Greinargerð vegna breytingar á starfsleyfi fyrir Elkem Ísland ehf.

1. Almenn

Starfsleyfi Elkem Ísland ehf. var gefið út þann 20. ágúst 2009 og gildir til 1. september 2025.

Hér er um að ræða breytingu á starfsleyfi til að leyfa rekstraraðila að taka á móti og endurnýta eldhúð (e. Mill Scale) hvort sem hún er skilgreind sem úrgangur í upprunalandinu eða ekki. Umhverfis- auðlindráðuneytið hefur veitt rekstraraðila nokkrar undanþágur frá starfsleyfi vegna notkunar á eldhúð. Eldhúð er járnnoxíð eins og aðrir járngrjafar, s.s. járngrýti og kemur málið aðallega til vegna eldhúðar frá Finnlandi. Misjafnt er hvort svona hráefni er skilgreint sem úrgangur í upprunalandi eða ekki og með breytingunni eru tekin af öll tvímæli um notkun á þessu hráefni sé heimil þannig að ekki verður unnið lengur á undanþágu hvað þessa notkun varðar enda hefur það þótt óæskilegt.

Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi sem er afar brýnt vegna nýrra BAT-niðurstaðna og einnig er áformað að fella niður þynningarsvæði en endurskoðun vegna þessara atriða verður tekin í sér máli sem þegar er komið í vinnslu.

2. Umsagnir/athugasemdir við starfsleyfistillöguna

Breytingartillagan var auglýst á tímabilinu 21. apríl til og með 19. maí 2021 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um breytt starfsleyfi yrði tekin. Engar umsagnir eða athugasemdir bárust um tillöguna á auglýsingatíma.

3. Breytingar frá auglýstri tillögu

Engum ákvæðum starfsleyfisins var breytt umfram það sem fram kom í auglýsingu.

4. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Ekki er um að ræða breytingu sem varðar breytt umhverfisáhrif. Breyting starfsleyfisins felur í sér að nota sambærilegt hráefni og áður þó að það kunnist vera skilgreint sem úrgangur í útflutningslandi. Um er að ræða járnnoxíð sem er sama eðlis og annað efni af því tagi.

Þetta var staðfest í bréfi frá Skipulagsstofnun þann 28. febrúar 2018.

5. Gildistaka

Breytingin öðlast þegar gildi en gildistími starfsleyfisins er óbreyttur eða til 1. september 2025.